



Reykjavík, 20. maí 2026


USK26050235

Varðar: Naustin (milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu) – umsókn um framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, dags. 14. maí 2026, um framkvæmdaleyfi vegna endurgerðar götu og uppfærslu Veitna í Naustinni milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis, samkvæmt teikningahefti, dags. í febrúar 2026. Einnig er lögð fram verklýsing verkframkvæmda, ódags.



Deiliskipulag



Endurgerð – áfangi; Naustin – suður



Yfirlitsmynd

Skipulag í gildi

Erindið sem sótt er um er framkvæmdaleyfisskylt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar þar sem um er ræða enduruppbyggingu vega og tímabundið flutningskerfi fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu og rafveitu.

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Svæðið sem um ræðir er í borgarhluta 2. Miðborg.

Í viðauka 10 við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er fjallað um veitur og vatnsvernd í tengslum við forsendur í skipulagi. Um veitur segir m.a.:

Veitur ohf. (dótturfyrirtæki Orkuveitur Reykjavíkur) sjá um rekstur stofn- og dreifikerfis rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu í Reykjavík og að hluta til í öðrum sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Sem hluta af þeim rekstri þurfa Veitur að tryggja þjónustu við notendur með nauðsynlegu viðhaldi og endurnýjun veitukerfanna, þ.e. lagna og strengja neðanjarðar og mannvirkja svo sem dreifistöðva rafmagns, safntanka, dælustöðva og hreinsistöðva vatnsmiðla.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Kvosina, samþykkt í borgarráði 22. febrúar 1988 ásamt síðari breytingum.



Samkvæmt deiliskipulagi er Naustin skilgreind sem húsagata/aðkomugata. Ekki er fjallað um bílastæði í deiliskipulagi.

Árið 2020 var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs sérstakt umferðarskipulag fyrir Kvosina. Bent er á að það er ekki ígildi deiliskipulags þar sem það var ekki samþykkt skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og þarf því að fara í breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar til að koma fyrir göngugötu í Naustinu.

Lýsing á framkvæmd

Verkið felst í endurgerð Nausta á milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu. Gatan verður vistgata til að byrja með og seinna meir göngugata. Verkið felst í að grafa og fylla í götu, grafa og fylla vegna fráveitu- vatnsveitu,- hitaveitu-, og götulýsingarlagna, leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu- og götuljósalignir, reisa ljósastólpa, leggja grágrýtiskant, leggja hellur og ganga frá gróðursvæðum. Leggja skal snjóbræðslulagnir undir hellulögn götu, ganga frá yfirborði með götugögnum í samræmi við útboðsgögn.

Umsögn og niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis fyrir því að Naustin verði gerð að vistgötu, þó er bent á að til þess að gera Naustin að göngugötu þarf að gera breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar.

Virða skal allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt.

Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum, sem og ef framkvæmdir stöðvast yfir lengri tíma í miðju verki. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdatími er áætlaður frá maí 2026 til desember 2026 og er skipt upp í 3 verkáfangi. Áætlað er að verkáfangi 1 sé lokið 1. ágúst 2026, í þeim áfangi er jarðvegsskipti í austurhluta götu ásamt lagningu fráveitu- og hitaveitulagna í Naustunum. Uppsetning gatnalýsingar ásamt tilheyrandi lagnavinnu. Verkáfangi 2a á að vera lokið 15. september 2026, í þeim áfangi er jarðvegsskipti vesturhluta götu ásamt lagningu vatnsveitulagna í Naustunum. Fylla yfir lagnir og vinna í fyllingar í götu í endanlega hæð. Verkáfangi 2b á að vera lokið 1. desember 2026, í þeim áfangi er yfirborðsfrágangur. Frágangur götugagna og gróðurbeðna. Lokafrágangur og verklok.

Framkvæmdaleyfið er gefið út frá 19. maí til 31. desember 2026. Ef framkvæmd fer yfir áætlaða framkvæmdaáætlun skal sækja um endurnýjun framkvæmdaleyfis.





Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.
- Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir
verkefnastjóri